



### 3. fundur aðalstjórnar UMF. Selfoss

haldinn í Tíbrá miðvikudaginn 5. október 2016 kl. 18:15.

---

**Mætt eru:** Guðmundur Kr. Jónsson (GKJ) formaður, Jóhann Helgi Konráðsson (JHK), Viktor S. Pálsson (VSP), Þóra Þórarinsdóttir (ÞÞ), Helgi Sigurður Haraldsson (HSH), Þórdís Rákel Hansen (ÞRH), Adólf Ingvi Bragason (AIB), Guðmundur Pálsson (GP), Ófeigur Ágúst Leifsson (ÓÁL) og Gissur Jónsson (GJ) framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð.

**Forföll boðuðu:** Hjalti Þorvarðarson, Sverrir Einarsson. Magnús Matthíasson og Magnús Ragnar Magnússon.

#### 1. Fundargerð aðalstjórnar

- 2. fundargerð aðalstjórnar frá 7. september 2016 samþykkt.
  - ÓÁL lýsti yfir furðu sinni á lélegri mætingu fjölmiðla á viðurði.

#### 2. Fundargerð framkvæmdastjórnar

- 1. fundargerð framkvæmdastjórnar frá 25. maí 2016 til umræðu.
  - Það fórst fyrir að taka fundargerðina fyrir á fundi aðalstjórnar 7. september. 2016.
- 4. fundargerð framkvæmdastjórnar frá 28. september 2016 til umræðu.
  - Ítrekað var mikilvægi þess að bókhald deilda væri uppfært mánaðarlega.
  - GKJ fór yfir mikilvægi þess að nota réttar boðleiðir í samskiptum við Sveitarfélagið Árborg. HSH rifjaði upp ástæður þess að félagið og deildir þess leggi fram erindi til sveitarfélagsins í samstarfi við framkvæmdastjórn. ÞÞ skýrði ferli mála hjá fimeikadeildinni og að lokum fór GJ yfir sögu mála hjá félaginu seinustu ár.

#### 3. Fundir aðalstjórnar

- Hugmynd um lagabreytingu þess efnis að fækka fundum aðalstjórnar var vísað til umræðu í stjórnnum deilda og næstu funda aðalstjórnar á starfsárinu.
- HSH benti á mikilvægi þess að bæta verkferla varðandi fundi og fundargerðir. Minna á fundargerðir framkvæmdastjórnar þannig að stjórnir deilda geti tekið afstöðu til þeirra mála sem eru í vinnslu.

#### **4. Skipan í starfshóp um uppbyggingu íþróttamannvirkja**

- Aðalstjórn leggur mikla áherslu á að hnika verkefninu fram á veginn. VSP og GJ skipaðir fulltrúar aðalstjórnar í starfshópu á vegum Sveitarfélagsins Árborgar um uppbyggingu íþróttamannvirkja í Árborg.

#### **5. Aðstaða og ásýnd Tíbrár**

- ÞP leggur til að unnið verði markvissar í því að bæta félagsaðstöðu og ásýnd félagsheimilisins Tíbrá m.a. með því að vinnu skipulega í að hengja upp myndir úr starfi félagsins, birta upplýsingar um landsliðsfólk Íslands á áberandi stað í húsinu eins konar frægðarvegg sem hefur tilfinningagildi fyrir húsið og gesti þess.
- GJ og ÞP falið að skipa þriggja manna starfshóp undir forystu ÞP sem skilar niðurstöðum til aðalstjórnar.

#### **6. Skipan ritnefndar Braga, ársrits Umf. Selfoss**

- Samþykkt að ritnefnd skipi Guðmundur Karl Sigurdórsson, Vignir Egill Vignisson og Örn Guðnason.

**Fundi slitið klukkan 19:05.**

***Næsti fundur aðalstjórnar miðvikudaginn 2. nóvember 2016 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.***

#### **Fundir aðalstjórnar starfsárið 2016-2017:**

Miðvikudaginn 7. desember 2016 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Miðvikudaginn 11. janúar 2017 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Miðvikudaginn 1. febrúar 2017 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Miðvikudaginn 1. mars 2017 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.

Miðvikudaginn 5. apríl 2017 kl. 18:15-19:45 í Tíbrá.